



ÍSLENSKIR
ENDURSKOÐENDUR
ENDURSKOÐENDAPJÓNUSTAN

Skipholti 50d | 105 Reykjavík | Sími 580 6800 | www.endur.is

Neyðarlínan ohf

kt. 511095-2559

Ársreikningur

2014

Efnisyfirlit

bls.

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8-14

Neyðarþjónustan ehf.
Kennitala 511095-2559
Skógarhlíð 14
101 Reykjavík

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Neyðarlínunnar ohf

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Neyðarlínunnar ohf. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Ábyrgð þeirra felur í sér að þeim ber að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem tengist gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Jafnframt að beita viðeigandi reikningsskilaaðferðum og framkvæma reikningshaldslegt mat í samræmi við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér öflun endurskoðunargagna er varða fjárhæðir og skýringar í ársreikningnum. Val á endurskoðunaraðgerðum byggir á faglegu mati endurskoðenda, þar sem tekið er tillit til þeirrar áhættu að ársreikningurinn innihaldi verulega annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits félagsins sem tengist gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu ársreikningsins í heild.

Við teljum að þau endurskoðunargögn sem við höfum aflað séu nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, efnahag þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014 í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík 25. mars 2015

Endurskoðendapjónustan ehf



Sævar P. Sigurgeirsson
endurskoðandi



Bjarki Bjarnason
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Hlutfélagið Neyðarlínan ohf. var stofnað í október 1995. Tilgangur þess er rekstur neyðarvaktstöðvar vegna samræmda neyðarnúmersins 112, almenn svörun neyðarboða, vöktun öryggiskerfa og skyldur rekstur. Rekstur neyðarstöðvar er í samræmi við lög nr. 40/2008 um samræmda neyðarsvörun. Félagið ber einnig ábyrgð á rekstri Vakstöðvar siglinga í samræmi við lög nr 41/2003 um vaktstöð siglinga.

Tap félagsins árið 2014 nam kr. 8.378.899, eignir árslok kr. 302.401.874 og eigið fé í árslok kr. 161.366.999 og eiginfjárhlutfall um 53%.

Í upphafi og lok árs voru hluthafar fjórir talsins og greinast hlutir þeirra þannig:

Ríkissjóður	14.000.000	74%
Reykjavíkurborg	2.000.000	11%
Landsvirkjun	1.500.000	8%
Orkuveita Reykjavíkur	1.500.000	8%
	<u>19.000.000</u>	<u>100%</u>

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2015, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. mars 2015


Í stjórn



Þórhallur Arason
Stjórnarformaður



Kristbjörg Stephensen



Ingilín Kristmannsdóttir



Sveinn Magnússon

Framkvæmdastjóri



Þórhallur Ólafsson

Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýr	2014	2013
Rekstrartekjur			
Seld þjónusta og aðrar tekjur		1.068.845.026	986.414.252
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	(276.417.396)	(253.903.916)
Rekstur tækni- og fjarskiptabúnaðar		(566.315.176)	(432.114.732)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(45.306.858)	(44.978.757)
Rekstur húsnæðis		(78.785.254)	(85.055.920)
Rekstur varðstofu		(77.833.113)	(71.153.189)
Rekstur bifreiða		(15.067.121)	(15.486.657)
Afskriftir	6	(16.458.531)	(52.340.656)
		(1.076.183.449)	(955.033.826)
Rekstrarhagnaður (tap)		(7.338.423)	31.380.426
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4	2.047.652	(13.058.313)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	7	(3.088.128)	(5.235.780)
Hagnaður (tap) ársins		(8.378.899)	13.086.333

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eignir	Skýr	31.12.2014	31.12.2013
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	90.345.642	275.815.024
		<u>90.345.642</u>	<u>275.815.024</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutar í hlutdeildarfélagi	7	87.446.249	91.887.132
		<u>87.446.249</u>	<u>91.887.132</u>
Fastafjármunir samtals		<u>177.791.891</u>	<u>367.702.156</u>
Veltufjármunir			
Birgðir		29.591.001	12.878.710
Viðskiptakröfur	8	55.040.375	75.299.162
Öryggisfjarskipti ehf	13	30.854.818	43.794.689
Aðrar skammtímakröfur	9	2.745.339	2.963.834
Handbært fé		<u>6.378.450</u>	<u>289.228</u>
Veltufjármunir samtals		<u>124.609.983</u>	<u>135.225.623</u>
Eignir samtals		<u>302.401.874</u>	<u>502.927.779</u>

31. desember 2014

Eigið fé og skuldir		31.12.2014	31.12.2013
Eigið fé	10		
Hlutfé		19.000.000	19.000.000
Yfirvæðsreikningur hlutfjár		89.914.713	89.914.713
Óráðstafað eigið fé		52.452.286	62.183.940
		<u>161.366.999</u>	<u>171.098.653</u>
 Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	11	0	153.702.345
 Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		0	22.617.877
Viðskiptaskuldir	12	95.058.537	81.684.927
Næsta árs afborgun langtímaskulda	11	0	31.261.500
Ógreiddur virðisaukaskattur		7.298.447	11.031.666
Ógreidd laun og tengd gjöld		38.172.978	31.046.534
Ógreidd opinber gjöld		504.913	484.277
		<u>141.034.875</u>	<u>178.126.781</u>
 Skuldir alls		141.034.875	331.829.126
 Eigið fé og skuldir samtals		<u>302.401.874</u>	<u>502.927.779</u>

Sjóðstreymi ársins 2014

	Skýr	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður (tap)		(7.338.423)	31.380.426
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	16.458.531	52.340.656
Sölutap (hagnaður) fastafjármuna		(3.341.666)	0
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		5.778.442	83.721.082
Birgðir		(16.712.291)	(12.878.710)
Skammtímakröfur, breyting		20.477.282	6.532.529
Skammtímaskuldir, breyting		16.787.471	6.137.279
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		26.330.904	83.512.180
Innborgaðir vextir		2.785.783	3.157.863
Greiddir vextir		(738.131)	(8.992.843)
Handbært fé frá rekstri		28.378.556	77.677.200
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	6	(15.433.270)	(10.957.236)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		187.785.788	0
Lækkun (hækkun) á láni til Öryggisfjarskipta ehf		12.939.871	(29.028.830)
		185.292.389	(39.986.066)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(184.963.845)	(30.857.008)
Skuldir við lánastofnanir, hækkun (lækkun)		(22.617.877)	(7.027.037)
		(207.581.722)	(37.884.045)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		6.089.223	(192.911)
Handbært fé í byrjun árs		289.228	482.139
Handbært fé í árslok		6.378.450	289.228

Skýringar

1. Starfsemin

Neyðarlínan ohf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Tilgangur þess er rekstur neyðarvaktsöðvar vegna samræmda neyðarnúmersins 112, almenn svörun neyðarboða, vöktun öryggiskerfa og skyldur rekstur. Rekstur neyðarstöðvar er í samræmi við lög nr. 40/2008 um samræmda neyðarsímsvörun. Félagið ber einnig ábyrgð á rekstri Vaktstöðvar siglinga í samræmi við lög nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga og gildir samningur þar um til ársloka 2020.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins árið 2014 er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna, nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisviðskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

Skráning tekna

Tekjur af seldri þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið stofnað. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Skýringar

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eiga er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi.

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hátt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er (sé um slíkt að ræða).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eignar einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikningi.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

Birgðir

Birgðir endursöluvara og rekstrarvara eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til rýrnunar.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Skýringar

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði aðfrádrögnum greiddum afborgunum og eru efirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Laun og launatengd gjöld

	2014	2013
Laun	205.791.018	192.728.328
Launatengd gjöld	70.626.378	61.175.588
	<u>276.417.396</u>	<u>253.903.916</u>
Meðalfjöldi starfa	31	31
	<u>2014</u>	<u>2013</u>
Laun stjórnar og stjórnenda	29.432.186	26.616.752

4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2014	2013
Vaxtatekjur	2.785.783	5.036.747
Vaxtagjöld	0	(7.545.544)
Gengismunur og verðbætur	(121.012)	(9.647.283)
Önnur fjármagnsgjöld	(617.119)	(902.233)
	<u>2.047.652</u>	<u>(13.058.313)</u>

5. Skattamál

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts vegna yfirfærðs ónotaðs taps. Ónotað skattalegt tap félagsins í árslok 2014 var tæpar 27,7 milljónir króna. Ónotuð skattalegt töp nýtast til frádráttar hagnaði næstu tíu ára eftir að tapið myndaðist. Ónotuð skattalegt töp félagsins má í síðasta lagi draga frá hagnaði sem hér segir:

	31.12.2014
Má í síðasta lagi draga frá reksrarhagnaði ársins 2022	24.131.057
Má í síðasta lagi draga frá reksrarhagnaði ársins 2024	3.561.671
	<u>27.692.728</u>

Tekjuskattsinneign er ekki færð í ársreikninginn.

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Tækjahús, möstur og stoðbúnaður	Vaktstöð siglinga	Vél- og hugbúnaður	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	88.233.532	370.462.846	32.822.290	92.443.091	583.961.759
Eignfært á árinu	0	0	0	15.433.270	15.433.270
Selt á árinu		(370.462.846)		(13.028.400)	(383.491.246)
Staða í árslok	88.233.532	0	32.822.290	94.847.961	215.903.783

Afskriftir

Staða í ársbyrjun	21.596.276	188.677.058	29.873.388	68.000.013	308.146.735
Afskriftir ársins	8.543.353	0	285.356	7.629.821	16.458.530
Fært út vegna sölu		(188.677.058)	0	(10.370.066)	(199.047.124)
Staða í árslok	30.139.629	0	30.158.744	65.259.768	125.558.141

Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun	66.637.256	181.785.788	2.948.902	24.443.078	275.815.024
Bókfært verð í árslok	58.093.903	0	2.663.546	29.588.193	90.345.642

Afskriftarhlutföll	10%	10%	20-25%	10-20%
--------------------	-----	-----	--------	--------

7. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

	Hlutdeild	Nafnverð	Megin starfsemi	
Öryggisfjarskipti ehf	25%	100.000.000	Öryggisfjarskiptaþjónusta	
	Afkoma (25%)		Eigið fé (25%)	
	2014	2013	2014	2013
Öryggisfjarskipti ehf	(3.088.128)	(5.235.780)	87.446.249	91.887.132

8. Viðskiptakröfur

	31.12.2014	31.12.2013
Innlendar viðskiptakröfur	55.878.375	80.799.162
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(838.000)	(5.500.000)
	55.040.375	75.299.162

Skýringar

9. Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2014	31.12.2013
Fjármagnstekjuskattur	73.248	86.425
Fyrirfram greidd laun	2.672.091	2.877.409
	<u>2.745.339</u>	<u>2.963.834</u>

10. Eigið fé

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu og greinist hlutafé þess þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Hlutafé útgefið og að fullu greitt	19.000.000	100%	19.000.000

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2013	19.000.000	89.914.713	49.097.607	158.012.320
Hagnaður ársins			13.086.333	13.086.333
Eigið fé 1.1. 2014	19.000.000	89.914.713	62.183.940	171.098.653
Tap ársins			(8.378.899)	(8.378.899)
Samrunafærslur hlutdeildarfélags			(1.352.755)	(1.352.755)
Eigið fé 31.12.2014	<u>19.000.000</u>	<u>89.914.713</u>	<u>52.452.286</u>	<u>161.366.999</u>

11. Langtímaskuldir

	31.12.2014	31.12.2013
Skuldir í íslenskum krónum	0	184.963.845
Næsta árs afborganir	0	(31.261.500)
Langtímaskuldir í árslok	<u>0</u>	<u>153.702.345</u>

Langtímaskuldir félagsins voru yfirteknar af Öryggisfjarskiptum ehf með sölu búnaðar vaktstöðvar siglinga.

12. Viðskiptaskuldir

	31.12.2014	31.12.2013
Innlendar viðskiptaskuldir	71.246.521	64.890.778
Erlendar viðskiptaskuldir	23.812.016	16.794.149
	<u>95.058.537</u>	<u>81.684.927</u>

Skýringar

13. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2014:	Seld þjónusta	Leigugreiðslur	Vaxtatekjur	Eignir
Öryggisfjarskipti ehf	16.800.000	162.000.000	2.330.739	30.854.818
Viðskipti við tengd félög árið 2013:				
Öryggisfjarskipti ehf	0	78.000.000	2.695.310	43.794.689

Auk framangreindra viðskipta er stór hluti tekna frá opinberum aðilum.

14. Ábyrgðir

Félagið er í ábyrgð fyrir láni sem Öryggisfjarskipti ehf yfirtók við kaup á búnaði Vaktstöðvar siglinga. Eftirstöðvar lánsins nema 155,3 milljónum króna í árslok 2014.

15. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi	2014	2013	2012
Arðsemi			
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA)	9.120.108	83.721.082	57.705.085
a) Framlegðarhlutfall rekstrar	0,01	0,08	0,06
b) Hagnaðarhlutfall	-0,01	0,01	(0,01)
c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutfjár (EPS)	-0,44	0,69	(0,35)
d) Arðsemi eigin fjár	-0,05	0,08	(0,04)
a) EBITDA / rekstrartekjur		b) Hagnaður ársins / rekstrartekjur	
c) Hagnaður á hverja krónu hlutfjár (EPS)		d) Hagnaður / meðalstaða eigin fjár	
Greiðsluhæfi			
e) Veltufjárhlutfall	0,88	0,76	0,56
e) Veltufjármunir / skammtímaskuldir			

Skýringar

Fjárhagslegur styrkur				
k) Eiginfjárlutfall	53%	34%	31%	
l) Innra virði hlutfjár	8,49	9,01	8,32	
k) Eigið fé / heildarfjármagn				l) Eigið fé / hlutfé

15. Sjóðstreymisýfirlit

	2014	2013	2012	2011	2010
Hagnaður (tap) ársins	(8.378.899)	13.086.333	(6.728.825)	17.116.288	48.103.239
Afskriftir	16.458.531	52.340.656	51.071.864	48.842.109	99.432.695
Reiknaðir fjármagnsliðir	(253.538)	12.459.113	2.647.187	9.740.076	823.481
Hreint veltufé frá rekstri	7.826.094	77.886.102	46.990.226	75.698.473	148.359.415
Breyting á:					
Rekstartengdum eignum	3.764.991	(6.346.181)	(13.828.106)	(28.290.982)	(11.184.078)
Rekstartengdum skuldum	16.787.471	6.137.279	(8.783.983)	17.497.772	23.091.330
	28.378.556	77.677.200	24.378.137	64.905.263	160.266.667